



HÍ

MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM



Áfallasaga kvenna
Vísindarannsókn Háskóla Íslands

Algengi ofbeldis og eineltis meðal kvenna á Íslandi eftir landshlutum

Marín Dögg Bjarnadóttir, Arna Hauksdóttir, Edda Björk Þórðardóttir, Jóhanna
Jakobsdóttir, Thor Aspelund, Unnur Anna Valdimarsdóttir

Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Unnið fyrir embætti ríkislögreglustjóra

Nóvember 2023

MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

Sturlugötu 8, 102 Reykjavík
Sími 525 4956 · publichealth@hi.is · mlv.hi.is · epiresearch.hi.is

**HÍ****MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSU VÍSINDUM****Áfallasaga kvenna**
Vísindarannsókn Háskóla Íslands

Inngangur

Á haustdögum 2023 sendi Embætti ríkislögreglustjóra inn fyrirspurn um hvort Miðstöð í lýðheilsuvísindum (MLV) gæti gert úttekt á kynbundnu ofbeldi og einelti eftir landshlutum en vísindafólk MLV hefur um árabíl safnað mikilvægum gögnum um áföll kvenna á Íslandi, þ.m.t. ofbeldi.

Rannsóknin Áfallasaga kvenna er hornsteinn þessara rannsókna en markmið hennar er að auka þekkingu á algengi ýmissa áfalla meðal kvenna og mögulegum heilsufarsáhrifum þeirra. Rannsóknin hófst í mars 2018 og lauk fyrsta áfanga hennar sumarið 2019. Á því tímabili skráðu 30,403 konur, 18-69 ára, sig til þátttöku (um 30% kvenna af þá öllum konum búsettum á Íslandi á þessu aldursbili) og svöruðu umfangsmiklum spurningalista um heilsufar og ýmis áföll á lífsleiðinni. Samanburður við gögn Hagstofunnar sýndi að rannsóknarhópurinn endurspeglar kvenþjóðina með tilliti til aldurs, menntunar, tekna og búsetu.

Efniviður Áfallasögu kvenna var notaður til að greina lífsalgengi ofbeldis og eineltis (hvort þær hafi einhvern tímann á lífsleiðinni upplifað ofbeldi og/eða einelti) meðal kvenna á Íslandi eftir búsetu við svörun spurningalistans. Þátttakendur sem höfðu upplifað áfall eða aðra streituvaldandi lífsreynslu voru beðnar um að tilgreina versta áfallið sem þær höfðu upplifað. Þannig var skoðað lífsalgengi ofbeldis og eineltis þar sem þeir atburðir voru valdir sem versta áfallið, ásamt algengi slíkra atburða á undangengnum 5 árum fyrir svörun spurningalistans.

Aðferð rannsókna

Um er að ræða þversniðsrannsókn á algengi ofbeldis og eineltis árin 2018-2019 eftir búsetu kvenna á Íslandi við svörun spurningalistans.

Búseta

Þátttakendur gáfu svar um búsetu eftir landshlutum, þ.e.: Höfuðborgarsvæðið, Austurland, Norðurland, Reykjanes, Suðurland, Vestfirði og Vesturland.

Ofbeldi á lífsleiðinni

Þátttakendur voru spurðar að því hvort þær hafi einhvern tímann á lífsleiðinni upplifað ofbeldi og/eða einelti (Tafla 1).

Tafla 1. Spurningar úr spurningalista Áfallasögu kvenna um ofbeldi og einelti á lífsleiðinni.

<p>Hér fyrir neðan eru taldir upp erfiðir eða streituvaldandi atburðir sem sumt fólk kann að hafa upplifað. Fyrir hvern atburð skaltu merkja í reitina til að gefa til kynna hvort þú hefur upplifað hann persónulega eða ekki.</p> <p>Vinsamlega hafðu allt líf þitt í huga (uppvaxtar- og fullorðinsár) þegar þú svarar spurningunum.</p>	
Einelti, t.d. skilin útundan, útilokun frá tilteknum hópum (endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri gerð í þeim tilgangi að hræða, særa eða ógna öðrum)	0=Kom fyrir mig, 1=Hef ekki upplifað, 2=Get / Vil ekki svara
<p>Hér fyrir neðan eru taldir upp fleiri erfiðir eða streituvaldandi atburðir sem sumt fólk upplifir á lífsleiðinni. Fyrir hvern atburð skaltu merkja í reitina til að gefa til kynna hvort þú hefur upplifað hann, þ.e. hvort tiltekinn atburður <u>kom fyrir þig</u> persónulega; þú <u>varðst vitni að honum</u> þegar hann kom fyrir einhvern annan eða þú <u>fékkst vitneskju um</u> að hann hafi komið fyrir náinn fjölskyldumeðlim eða vin.</p> <p>Vinsamlega hafðu <u>allt líf þitt</u> í huga (uppvaxtar- og fullorðinsár) þegar þú svarar spurningunum.</p>	
Líkamlegt ofbeldi (t.d. verða fyrir árás, kýld(ur), slegin(n), sparkað í eða barin(n)) eða árás með vopni (t.d. vera skotin(n), stungin(n), ógnað með hnífi, byssu eða sprengju) - <u>Kom fyrir mig</u>	0=Ekki valið, 1=Valið
Kynferðislegt ofbeldi (nauðgun, nauðgunartilraun, þvingun til hvers konar kynferðislegra athafna með valdi eða hótun um skaða) - <u>Kom fyrir mig</u>	0=Ekki valið, 1=Valið

Ofbeldi / einelti valið sem versta áfall á lífsleiðinni

Eftir að hafa svarað ítarlegum spurningalista um ýmis áföll og aðra erfiða lífsreynslu á lífsleiðinni voru þátttakendur beðnir að tilgreina hvaða reynsla af þeim hefði verið þeim verst. Það var gert með eftirfarandi spurningu: Nú viljum við biðja þig um að velja þann atburð eða lífsreynslu sem þú telur versta(n), sem truflar þig mest í dag, og fengu þá lista af þeim áföllum/lífsreynslu sem þær höfðu áður tilgreint.

Eftir að þátttakandi hafði svarað spurningu um versta áfall/lífsreynslu, var hún beðin að svara spurningu um aldur sinn þegar atburðurinn átti sér stað. Ef um var að ræða einn atburð, svaraði konan spurningunni: Hvað varstu gömul þegar atburðurinn átti sér stað? Ef um fleiri en einn atburð var að ræða, svaraði konan spurningunni: Hvað varstu gömul þegar atburðurinn átti sér stað síðast? Þessar upplýsingar voru síðan notaðar til að áætla árafjölda frá síðasta atburði.

Bakgrunnspættir

Konur svöruðu einnig spurningum um núverandi aldur, hæstu lokinni prófgráðu, og eigin tekjur á síðastliðnum 12 mánuðum.

Tölfræðigreiningar

Lífsalgengi ofbeldis var reiknað sem hlutfall allra svarenda í viðkomandi landshluta sem gáfu svar um að hafa orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á lífsleiðinni. Þá var lífsalgengið leiðrétt fyrir aldri, menntun og tekjum. Þá er átt við að notað var fjölbreytu tölfræðilíkan til að reikna lífsalgengi þar sem jafnað er fyrir mun í aldri, menntun og tekjum eftir landshlutum.

Á sama hátt var lífsalengi ofbeldis reiknað sem var valinn sem verstí atburður sem hlutfall allra svarenda í viðkomandi landshluta sem gáfu það til kynna, einnig leiðrétt fyrir aldri, menntun og tekjum. Þar sem um búsetu á tíma svörunar er að ræða, var einnig reiknað algengi ofbeldis sem var valið sem verstí atburður á síðastliðnum fimm árum. Þá var kí-kvaðrat próf notað til þess að meta tölfræðilega marktækni á lífsalgengi ofbeldis og algengi versta ofbeldis eftir landshlutum.

Niðurstöður

Alls svöruðu 26 810 konur öllum spurningum um ofbeldi á lífsleiðinni, búsetu, aldri, menntun og tekjur. Konurnar voru að meðaltali 44 ára ($SD=13.67$) og dreifing aldurs, menntunar og tekna var aðeins breytileg eftir búsetulandshluta við svörun (Tafla 2).

Tafla 2. Dreifing aldurs, menntunar og eigin tekna eftir landshlutum

	Austurland	Höfuðborgar svæðið	Norðurland	Reykjanes	Suðurland	Vestfirðir	Vesturland	p
n	698	18076	2858	1370	2023	427	1358	
Aldur (mean (SD))	44.12 (13.28)	43.54 (13.70)	44.46 (13.40)	42.79 (13.32)	45.63 (13.48)	45.38 (13.24)	45.02 (13.86)	<0.001
Menntun (%)								<0.001
Grunnskólapróf	161 (23.1)	1995 (11.0)	603 (21.1)	361 (26.4)	444 (21.9)	104 (24.4)	306 (22.5)	
Stúdentspróf	228 (32.7)	5254 (29.1)	931 (32.6)	500 (36.5)	741 (36.6)	150 (35.1)	489 (36.0)	
Grunnpróf úr háskóla	213 (30.5)	5956 (32.9)	893 (31.2)	370 (27.0)	570 (28.2)	117 (27.4)	392 (28.9)	
Meistarar- eða Doktorspróf	96 (13.8)	4871 (26.9)	431 (15.1)	139 (10.1)	268 (13.2)	56 (13.1)	171 (12.6)	
Tekjur (%)								<0.001
<300	268 (38.4)	4943 (27.3)	1088 (38.1)	489 (35.7)	781 (38.6)	155 (36.3)	522 (38.4)	
301-500	237 (34.0)	5348 (29.6)	1020 (35.7)	473 (34.5)	733 (36.2)	157 (36.8)	441 (32.5)	
501-700	134 (19.2)	4726 (26.1)	542 (19.0)	291 (21.2)	358 (17.7)	70 (16.4)	299 (22.0)	
700+	59 (8.5)	3059 (16.9)	208 (7.3)	117 (8.5)	151 (7.5)	45 (10.5)	96 (7.1)	

Lífsgengi ofbeldis og eineltis

Tafla 3 sýnir lífsgengi ofbeldis og eineltis eftir landshlutum.

Leiðrétt lífsgengi kynferðislegs og/eða líkamlegs ofbeldis meðal kvenna á landinu reyndist nokkuð jafnt eftir þáverandi búsetu kvenna, frá 35% á Austur- og Vesturlandi til 41% á Reykjanesi. Þessi munur er þó tölfræðilega marktækur. Ef litið er einungis til líkamlegs ofbeldis, þá var leiðrétt lífsgengi lægst meðal kvenna búsettra á Austur-, Norður- og Vesturlandi, eða 18%, og hæst meðal kvenna búsettra á Reykjanesi, eða 23%. Þessi munur var einnig tölfræðilega marktækur. Leiðrétt lífsgengi kynferðisofbeldis var frá 27% meðal kvenna búsettum á Austur- og Suðurlandi til 30% meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Þessi munur er þó tölfræðilega marktækur. Leiðrétt lífsgengi eineltis var frá 50% meðal kvenna búsettum á Vesturlandi til 56% meðal kvenna búsettum á Vestfjörðum. Þessi munur er ekki tölfræðilega marktækur.

Í Mynd 1 eru þessar niðurstöður teknar saman.

Tafla 3. Lífsgengi ofbeldis og eineltis eftir landshlutum

Landshluti	Fjöldi íbúa	Algengi† (%)	Leiðrétt algengi† (%)	p§
Ofbeldi*				<0.001
Austurland	698	39	35	
Höfuðborgarsvæðið	18076	40	40	
Norðurland	2858	39	36	
Reykjanes	1370	45	41	
Suðurland	2023	39	36	
Vestfirðir	427	41	38	
Vesturland	1358	39	35	
Líkamlegt				<0.001
Austurland	698	21	18	
Höfuðborgarsvæðið	18076	22	22	
Norðurland	2858	20	18	
Reykjanes	1370	27	23	
Suðurland	2023	22	19	
Vestfirðir	427	22	19	
Vesturland	1358	20	18	
Kynferðislegt				0.009
Austurland	698	30	27	
Höfuðborgarsvæðið	18076	30	30	
Norðurland	2858	31	29	
Reykjanes	1370	34	30	
Suðurland	2023	30	27	
Vestfirðir	427	32	29	
Vesturland	1358	31	28	


Einelti				0.100
Austurland	698	58	55	
Höfuðborgarsvæðið	18076	53	53	
Norðurland	2858	55	52	
Reykjanes	1370	55	51	
Suðurland	2023	54	51	
Vestfirðir	427	59	56	
Vesturland	1358	52	50	

*Þátttakandi gefur til kynna að hafa lent í líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi.

†Algengi eru hráu hlutföllin.

‡Leiðrétt algengi er þegar leiðrétt er fyrir aldri, menntun og tekjum.

§p-gildin úr tölfræðiþrófi á marktækum mun milli landshluta fyrir leiðrétt algengið.



Mynd 1. Lífsalgengi eineltis og ofbeldis (kynferðislegs ofbeldis og líkamlegs ofbeldis sameinað). Leiðrétt er fyrir aldri, menntun og eigin tekjum.

Algengi þess að velja ofbeldi sem versta atburð

Tafla 4 sýnir lífsalgengi ofbeldis og eineltis sem konurnar gáfu til kynna sem versta atburð eftir búsetu þeirra við svörun spurningalistans. Leiðrétt lífsalgengi þess að velja kynferðislegt og/eða líkamlegt ofbeldi var einnig nokkuð jafnt eftir búsetu kvenna við svörun spurningalistans, frá 15% meðal kvenna búsettum á Austurlandi til 19% meðal kvenna búsettum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur er þó tölfræðilega marktækur. Leiðrétt lífsalgengi á einelti gefið til kynna sem versti atburður var lægst 6% meðal

kvenna búsettum á Reykjanesi og hæst 11% meðal kvenna búsettum á Austurlandi. Þessi munur er tölfræðilega marktækur.

Tafla 4. Algengi þess að velja ofbeldi eða einelti sem versta atburð eftir landshlutum

Týpa	Landshluti	Fjöldi íbúa	Algengi† (%)	Leiðrétt algengi‡ (%)	p§
Ofbeldi*					0.001
	Austurland	698	17	15	
	Höfuðborgarsvæðið	18076	19	19	
	Norðurland	2858	18	17	
	Reykjanes	1370	21	18	
	Suðurland	2023	17	16	
	Vestfirðir	427	17	16	
	Vesturland	1358	19	17	
Einelti					0.003
	Austurland	698	11	11	
	Höfuðborgarsvæðið	18076	8	7	
	Norðurland	2858	8	7	
	Reykjanes	1370	6	6	
	Suðurland	2023	7	7	
	Vestfirðir	427	7	7	
	Vesturland	1358	7	7	

*Þátttakandi gefur til kynna að hafa lent í líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi.

†Algengi eru hráu hlutföllin.

‡Leiðrétt algengi er þegar leiðrétt er fyrir aldri, menntun og tekjum.

§p-gildin úr tölfræðiprófi á marktækum mun milli landshluta fyrir leiðrétt algengið.

Í Töflu 5 má sjá algengi ofbeldis og eineltis á síðastliðnum fimm árum sem konur tilgreindu sem versta atburð á lífleiddinni. Þá var leiðrétt algengi versta kynferðislegs og/eða líkamlegs ofbeldis á sl. 5 árum frá 1% meðal kvenna búsettum á Austurlandi til 3% meðal kvenna búsettum á Höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur er tölfræðilega marktækur. Leiðrétt algengi eineltis sem verst atburður síðustu 5 árin var minnst 1% meðal kvenna búsettum á Norðurlandi, Reykjanesi og Suðurlandi en 2% á Austurlandi, Höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Vesturlandi. Þessi munur er ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 5. Algengi versta ofbeldis og eineltis á síðastliðnum 5 árum við svörun spurningalistans

Týpa	Landshluti	Fjöldi íbúa	Algengi † (%)	Leiðrétt algengi ‡ (%)	p§
Ofbeldi*					<0.001
	Austurland	698	3	1	
	Höfuðborgarsvæðið	18076	5	3	
	Norðurland	2858	4	2	
	Reykjanes	1370	4	2	
	Suðurland	2023	4	2	
	Vestfirðir	427	4	2	
	Vesturland	1358	4	2	
Einelti					0.841
	Austurland	698	2	2	
	Höfuðborgarsvæðið	18076	2	2	
	Norðurland	2858	2	1	
	Reykjanes	1370	1	1	
	Suðurland	2023	1	1	
	Vestfirðir	427	2	2	
	Vesturland	1358	2	2	

*Þátttakandi gefur til kynna að hafa lent í líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi.

†Algengi eru hráu hlutföllin í %.

‡Leiðrétt algengi er þegar leiðrétt er fyrir aldri, menntun og tekjum í %.

§p-gildin úr tölfræðiþrófi á marktækum mun milli landshluta fyrir leiðrétt algengið.

Umræða og ályktanir

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að lífsalgengi ofbeldis og eineltis er hátt meðal kvenna á Íslandi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna héraðs (Karlisdóttir Elísabet, 2010) og erlendis (Kessler RC, 2017), og ber einnig nokkuð vel saman við niðurstöður sambærilegra rannsókna á Norðurlöndunum (Heiskanen M, 2007), (Balvig F, 2006), (Andersson T, 2015).

Á heildina litið benda niðurstöðurnar til nokkuð jafns lífsalgengis ofbeldis og/eða eineltis eftir búsetu kvenna þegar þær svöruðu spurningalistanum. Hér þarf að hafa í huga að niðurstöður gefa engar upplýsingar um í hvaða landshluta ofbeldið og/eða eineltið átti sér stað en þær upplýsingar eru ekki aðgengilegar í núverandi gögnum Áfallasögu kvenna. Þegar litið er á leiðrétt lífsalgengi ofbeldis þá reyndist það lægst á Austur- og Vesturlandi (35%) og hæst á Reykjanesi (41%). Þegar ofbeldinu er skipt niður í líkamlegt og kynferðisofbeldi, þá var algengið hæst á Reykjanesi og er sá munur tölfræðilega marktækur. Við túlkun niðurstaðna er mjög mikilvægt að hafa í huga að vegna mikils fjölda þátttakenda í Áfallasögu kvenna verður tiltölulega lítill prósentumunur á ofbeldi

**HÍ****MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSU VÍSINDUM****Áfallasaga kvenna**
Vísindarannsókn Háskóla Íslands

milli landshluta tölfraðilega marktækur. En þegar litið er á leiðrétt lífsalgengi eineltis þá var það hæst meðal kvenna búsettum á Vestfjörðum (56%) og lægst meðal kvenna á Vesturlandi (50%), en sá munur var ekki tölfraðilega marktækur.

Þegar litið er á algengi þar sem ofbeldi/einelti var valið sem verst atburður á lífsleiðinni, óháð tíma frá atburði, var algengið hæst á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Einelti valið sem verst atburður var algengast á Austurlandi, nokkuð hærra en í öðrum landshlutum.

Til að komast nær atburðinum í tíma var lífsalengi ofbeldis og/eða eineltis á síðastliðnum 5 árum sem konurnar gáfu til kynna sem versta atburð skoðað. Þó það sé alls ekki öruggt, eru þessar upplýsingar líklegri til að gefa til kynna búsetu þátttakenda þegar atburðurinn átti sér stað. Almenn tölur voru þessar niðurstöður í samræmi við niðurstöður um lífsalgengið nokkuð jafn dreifðar eftir búsetu kvenna við svörun listans en algengi ofbeldis var í kringum 2% óháð búsetu kvenna við svörun listans; hæst meðal kvenna búsettum á höfuðborgarsvæðinu (3%) og lægst meðal kvenna búsettum á Austurlandi (1%). Sambærilegar tölur fyrir einelti reyndust 1-2% á öllum landshlutum og var munur milli landshluta ekki tölfraðilega marktækur.

Samantekið er mikið áhyggjuefni að um það bil 4 af hverjum 10 konum á Íslandi eigi sögu um kynferðislegt eða líkamlegt ofbeldi og að um helmingur kvenna hefi upplifað einelti á lífsleiðinni. Þessar háu tölur eru í takt við niðurstöður fyrri annarra innlendra og erlendra rannsókna, og munur lífsalgengis eftir búsetu kvenna verður að teljast óverulegur.

Það er mat skýrsluhöfunda að kerfisbundnar forvarnir gegn ofbeldi og einelti séu því mikilvægar á öllu landinu, og einnig aukið aðgengi þessara kvenna að stuðningi og meðferð eftir áföll innan heilbrigðiskerfisins.

Heimildir

- Andersson T, H. G. (2015). Violence and health in Sweden: a nationwide prevalence study on exposure to violence among women and men and its association to health.
- Balvig F, K. B. (2006). Volden i Danmark 1995 og 2005.
- Heiskanen M, P. M. (2007). Violence against Women in Finland. Results from Two National Victimization Surveys. *Victimisation surveys in comparative perspective*.
- Karlsdóttir Elísabet, A. Á. (2010). Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi. *Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið*.
- Kessler RC, A.-G. S. (2017). Trauma and PTSD in the WHO World Mental Health Surveys. *Eur J Psychotraumatol*.
- Sardinha L, M.-G. M.-M. (2022). Global, regional, and national prevalence estimates of physical or sexual, or both, intimate partner violence against women in 2018. *Lancet*.